



# Reglugerð HSÍ um agamál

## I. Kafli Almennt

### 1. gr. Verkefni

Aganefnd skal úrskurða um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna HSÍ í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, deildarbikarkeppni og meistarakeppni. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem framkvæmdastjóri HSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna handknattleiksleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

### 2. gr. Starfshættir aganefndar

Aganefnd skal koma saman til fundar á þriðjudögum í viku hverri fram að síðasta leik í deildarkeppni Íslandsmóts. Á vikulegum fundum skal taka fyrir þau mál sem þá liggja fyrir og þau að öllu jöfnu afgreidd á þeim fundi, sbr. þó 4. og 5. gr.

Frá og með síðasta leik í deildarkeppni Íslandsmót og á meðan úrslitakeppni Íslandsmóts stendur, deildarbikarkeppni og lokakeppni bikarkeppni HSÍ stendur skulu mál vegna brota sem getið er í kafla III sæta afgreiðslu aganefndar skv. 2. mgr. 3. gr.

### 3. gr. Frestur

Dómarar viðkomandi leiks skulu koma skriflegri skýrslu til skrifstofu HSÍ á þar til gerðu eyðublaði um brot samkvæmt 3. og 5. kafla, fyrir kl. 9 næsta virka dag eftir að leik lýkur. Ef aganefnd telur að brot leikmanns verðskuldi lengra bann en 1 leik skal aganefnd tilkynna skrifstofu HSÍ um málið og skal skrifstofa HSÍ tilkynna viðkomandi félagi um að skýrsla hafi borist og skal félagið hafa 6 klukkustundir til að skila inn athugasemdum sínum til til skrifstofu HSÍ. Aganefnd skal klára afgreiðslu annara mála samdægurs en fresta viðkomandi máli um sólarhring og afgreiða það þá.

Frá og með síðasta leik í deildarkeppni Íslandsmót og á meðan úrslitakeppni Íslandsmóts stendur, deildarbikarkeppni og lokakeppni bikarkeppni HSÍ stendur skulu dómarar viðkomandi leiks skila skýrslu til skrifstofu HSÍ fyrir miðnætti þann dag sem leik lýkur og skal aganefnd ljúka afgreiðslu málsins fyrir hádegi daginn eftir. en þó aldrei síðar en þremur tímum fyrir næsta leik viðkomandi félags. Ef aganefnd telur að brot leikmanns verðskuldi lengra bann en 1 leik skal aganefnd úrskurða viðkomandi leikmann strax í 1 leiks bann, tilkynna skrifstofu HSÍ um málið og fresta málinu að öðru leyti í um sólarhring. Skrifstofa HSÍ skal tilkynna viðkomandi félagi um að skýrsla hafi borist og skal félagið hafa til kl. 12 næsta dag á eftir til að skila inn athugasemdum sínum til til skrifstofu HSÍ. Aganefnd skal síðan afgreiða slík mál endanlega þann sama dag.



Ef skýrsla dómara hefur ekki borist til aganefndar innan tilgreinds frests er aganefnd HSÍ heimilt að vísa viðkomandi máli frá.

#### **4. gr. Málflutningur**

Nefndin getur gefið aðilum kost á munnlegum eða skriflegum málflutningi, ef mál eru alvarlegs eðlis, sem varða þyngstu viðurlög og óskir berast um það frá viðkomandi aðilum fyrir næsta fund nefndarinnar eftir umræddan atburð.

#### **5. gr. Almenn atriði**

Mál vegna brota á 5. og 6. kafla reglugerðar þessarar skulu sæta afgreiðslu aganefndar á næsta fundi eftir lok gagnaöflunar. Frá og með síðasta leik í deildarkeppni Íslandsmót og á meðan úrslitakeppni Íslandsmóts stendur, deildarbikarkeppni og lokakeppni bikarkeppni HSÍ stendur skulu mál vegna brota á 5. kafla sæta afgreiðslu aganefndar skv. sömu reglum og fram koma í 2. mgr. 3. gr. sbr. og 2. mgr. 7. gr.

Aganefnd skal að hafa hliðsjón af myndbandsupptökum við afgreiðslu mála séu þær tiltækar.

## **II. Kafli Úrskurðir**

#### **6. gr. Birting úrskurða**

Aganefnd skal tilkynna úrskurð sinn strax að loknum fundi með tölvupósti til formanns handknattleiksdeildar/ráðs eða þess aðila, sem félagið hefur tilkynnt HSÍ um. Úrskurður aganefndar skal einnig birtur á heimasíðu HSÍ strax að loknum fundi. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts hvílir á móttakanda enda hafi úrskurður verið sendur í samræmi við þær upplýsingar sem viðkomandi félag hefur tilkynnt HSÍ um.

#### **7. gr. Gildistaka**

Úrskurður aganefndar tekur gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta fimmtudag á eftir, enda hafi hann þá verið kynntur hlutaðeigandi.

Frá og með síðasta leik í deildarkeppni Íslandsmót og á meðan úrslitakeppni Íslandsmóts stendur, deildarbikarkeppni og lokakeppni bikarkeppni HSÍ stendur skulu mál sæta afgreiðslu aganefndar skv. 2. mgr. 3. gr. Úrskurð aganefndar skal tilkynna sama dag og hann er upp kveðinn og öðlast hann gildi þegar í stað, enda hafi hann þá verið kynntur hlutaðeigandi í samræmi við ákvæði 6. gr.

Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður aganefndar og eftir atvikum stjórnar HSÍ tekur gildi samkvæmt framansögðu.



## **8. gr Rangur úrskurður**

Ef augljóst er, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna formgalla, svo sem vegna rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns eða rangrar skráningar, ber skrifstofu HSÍ að koma því til aganefndar sem tekur málið fyrir á næsta fundi nefndarinnar eða á sérfundum ef svo ber undir. Aganefnd hefur í slíkum tilfellum heimild til að leiðrétta fyrri úrskurð og kveða upp nýjan úrskurð en aganefnd er ekki heimilt að taka málið aftur upp til efnismeðferðar.

## **9. gr Áfrýjun**

Heimilt er að skjóta til dómsstóls HSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um það að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta tímabundnu banni eða sektum að hærri fjárhæð en kr. 100.000,- eða ef úrskurður felur í sér endurtekt á leik eða breytingum á úrslitum leikja. Í tilvikum sem þessum skal öllum aðilum máls kynnt úrskurður aganefndar. Að öðru leyti verður úrskurður aganefndar ekki áfrýjað.

## **III. Kafli Viðurlög við brotum**

### **10. gr. Almenn viðurlög**

Dómarar skulu skila inn til aganefndar skýrslu vegna allra útilokana sem gefnar eru.

Fyrir brot sem falla undir reglur 8:5 og 8:9 í leikreglum skal ekki beita leikbanni og telst útilokun fullnægjandi refsing.

Fyrir brot sem falla undir reglur 8:6 og 8:10 í leikreglum getur aganefnd úrskurðað viðkomandi í leikbann í allt að sex leiki eftir alvarleika brotanna eða tímabundið bann. Ef dómari óskar eftir því að draga agaskýrslu til baka skal hann gera það innan þeirra fresta sem um er rætt í grein 3 í reglugerð þessari. Berist slík afturköllun er aganefnd heimilt að beita ekki leikbanni.

### **11. gr. Stighækkun**

Leikbönn leikmanns skulu vera stighækkandi. Leikmaður sem hefur hlotið bann, hlýtur einn leik til viðbótar hljóti hann bann í annað sinn. Hljóti hann bann í þriðja sinn bætast við 2 leikir. Í fjórða sinn fær hann 3 leiki til viðbótar o.s.frv.

Fái leikmaður útilokun vegna brota sem falla undir reglur 8:5 og 8:9 í leikreglum þriðja sinni skal leikmaður hljóta eins leiksbann og við hverja útilokun vegna slíkra brota eftir það skal leikmaður hljóta eins leiks bann í hvert sinn.

### **12. gr. Brot utan vallar**



Fyrir brot sem framin eru utan vallar, þannig að útilokun með skýrslu verði ekki við komið, eða annarra brota alvarlegs eðlis að mati aganefndar, meðal annars öll brot sem fallið geta undir íslenska hegningarlöggjöf, gagnvart leikmönnum, starfsmönnum, dómurum eða áhorfendum, skal heimilt að refsast með leikbanni í allt að sex leikjum eða tímabundnu leikbanni.

### **13. gr. Tímabundið bann**

Tímabundið leikbann skal miðast við þann tíma þegar fram fara keppnir í landsmóti eða mótum á vegum HSÍ. Tímabil sem engin landsmót fara fram á vegum HSÍ skal ekki teljast með þeim tíma sem leikbann nær yfir. Ítrekun getur, ef brot er mjög alvarlegs eðlis, varðað allt að lífstíðarbanni. Slíkt bann nær til allra flokka viðkomandi aðila.

## **IV. Kafli Afplánun refsinga**

### **14. gr. Almennt**

Brot framin á einu leiktímabili hafa ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út refsingu þegar leiktímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um sumar, skal hann taka út refsinguna í nýjum aldursflokki.

Ef leikmaður sem er í leikbanni skiptir um félag, skal refsing fylgja honum á milli félaga.

Þegar leikmaður má leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út refsingu í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til hennar, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skulu meðhöndlast sérstaklega.

Ef félag sendir til keppni 2 eða fleiri lið í sama aldursflokki skal leikmaður taka út refsingu í því liði þar sem hann hefur unnið til hennar, þ.e. brot í hverju einstaka liði skulu meðhöndlast sérstaklega.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við um leikbönn starfsmanna.

### **15. gr. Mæting á leikstað**

Þjálfari, forystumaður eða leikmaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómara hafa gengið til búningsklefa að leik loknum. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellinum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt.

Sé leikmaður, sem jafnframt er þjálfari í öðru félagi, úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á sama tíma sem hann tekur út leikbann.

Sé brotið gegn ákvæðum greinar þessarar skal félagið sæta viðurlögum skv. 20. gr.



## **16. gr. Þátttaka aðila í leikbanni**

Ef félag notar leikmann eða starfsmann sem er í leikbanni, skal umræddur leikur dæmdur því félagi tapaður, sbr. 33. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót og jafnframt er heimilt að beita viðurlögum skv. 20. gr.

Sé leikmaður, sem jafnframt er þjálfari liðsins, úrskurðaður í leikbann, er honum ekki heimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann þó hann hafi verið skráður sem leikmaður á skýrslu þess leiks er hann framdi brot það sem hann fékk leikbann fyrir. Hljóti sá sem skráður er starfsmaður eða leikmaður á skýrslu leikbann skal hann taka út leikbannið í leik þess liðs er hann er hlaut bann fyrir brot hjá og er honum þá með öllu óheimil þátttaka í leik þess liðs sbr. 15. gr. Tímabundið leikbann sbr 13. gr. skal þó ná til allrar þátttöku í leikjum á vegum HSÍ.

Taka skal út refsingu í leikjum sem fara fram í mótum á vegum HSÍ að undanskildum alþjóðamótum.

## **V. Kafli Brot áhorfenda**

### **17. gr. Almennt**

Ef áhorfendur, þar með taldir forystumenn félaga, gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum leiks, er aganefnd heimilt að sekta viðkomandi félag þar sem leikurinn fer fram sem og gestaliðið í sérstökum tilvikum.

Brot samkvæmt ákvæði þessu getur varðað sektum allt að kr. 300.000,-.

Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekað brot er að ræða skal aganefnd auk fjársektar heimilt að svipta lið heimaleikjum í tiltekinn tíma, þó að hámarki fjórum leikjum og mun þá heimaleikjarétturinn færast á það lið sem viðkomandi skal mæta. Allar tekjur vegna leiksins skulu falla til framkvæmdaraðila. Viðkomandi félag skal greiða allan kostnað vegna leiksins, svo sem ferðakostnað, dómarakostnað og annan kostnað sem fellur til.

Aganefnd skal leita umsagnar þeirra aðila sem hlut eiga að máli áður en hún úrskurðar um viðurlög samkvæmt þessu ákvæði.

## **VI. Kafli Ósæmileg framkoma**

### **18. gr. Almennt**

Stjórn eða framkvæmdastjóra HSÍ er heimilt að vísa til úrskurðar aganefndar hvers konar atvikum, svo sem bæði leikbrotum og agabrotum, sem skaðað geta ímynd handknattleiksþróttarinnar, hvort sem viðkomandi hafi tekið þátt í leiknum eða ekki, og



ekki hafa komið fram í atvikaskýrslu dómara eða eftirlitsmanns. Um getur verið að ræða hvers kyns ósæmilega framkoma innan eða utan leiks eða á annan hátt opinberlega.

Stjórn eða framkvæmdastjóra HSÍ er einnig heimilt að vísa til úrskurðar aganefndar hvers konar atvikum á vegum félaga, stuðningsaðila, styrktaraðila eða öðrum tengdum aðilum sem skaðað geta í mynd handknattleiksíþróttarinnar svo sem brot eða þátttaka á brotum á landslögum.

Hvers konar framkoma, aðdróttanir, fullyrðingar, yfirlýsingar o.s.frv. í ræðu eða riti, sem beinast að aðilum innan handknattleiksíþróttarinnar persónulega og vega að heiðri þeirra, æru eða hlutleysi, fela í sér skaða gegn ímynd handknattleiksíþróttarinnar.

### **19. gr. Veðmál**

Öllum sem taka þátt í leikjum á vegum HSÍ er óheimilt að veðja á leiki félaga sinna eða atvik í þeim leikjum með beinum eða óbeinum hætti. Þetta á við um leikmenn, starfsmenn, dómara félaga og stjórnarmenn félaga og aðila þeim tengdum. Dómarar HSÍ, starfsmenn HSÍ, stjórnarmenn og nefndarmenn HSÍ eða aðila þeim tengdum er óheimilt að veðja á leiki á vegum HSÍ eða atvik í þeim leikjum með beinum eða óbeinum hætti. Jafnframt er öllum þessum aðilum bannað að veita öðrum upplýsingar, sem ekki eru opinberar upplýsingar, í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál.

### **20. gr. Málsmeðferð**

Framkvæmdastjóri HSÍ skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar. Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi aðila og/eða félag í viðurlög eftir eðli brotsins. Félag viðkomandi leikmanns eða starfsmanns er ábyrgt fyrir sektargreiðslum.

### **21. gr. Viðurlög**

Viðurlög geta verið eftirfarandi:

- a. áminning
- b. ávítur
- c. sekt allt að upphæð kr. 500.000,-
- d. leikbann, leikja- eða tímabundið
- e. ógilding leiks, endurtaka leiks eða breyting á úrslitum leiks
- f. svipting réttar til að gegna starfi innan handknattleikshreyfingarinnar



## VII. Kafli GILDISTAKA

### 22. gr. Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ um aganefnd HSÍ.

*Samþykkt af stjórn HSÍ 6. nóvember 2019.*